

79. fundur skráningarráðs haldinn 27. ágúst 2014, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9:00-11:00

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis (fundarritari) og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna .

Fundargerð 78. fundar var yfirfarin og samþykkt.

Fundarefni:

1. Innleiðingaráætlun RDA

Skoðuð voru eftirfarandi skjöl:

- ✓ Bretland: [Implementation of RDA: British Library and beyond](#)
- ✓ Danmörk: [Rapport fra arbejdsgruppe nedsat af Bibliografisk rad](#)
 - [Bilags- og eksempelsamling](#)
- ✓ Library of Congress: [RDA Training Materials](#)
- ✓ USA: [University of Rhode Island RDA Implementation Plan 2013-2015](#)
- ✓ O.fl.

Þýðingar:

- ✓ Stefnt er að því að fá upplýsingar frá þýðingarfyrirtæki um áætlaðan kostnað vegna þýðinga á köflunum Glossary (62 bls.) og Introduction (15. bls.). (SH)
- ✓ Stefnt er að því að leita álits hjá Sigrúnu Helgadóttur, verkefnisstjóra á orðfræðasviði Stofnunar Árna Magnússonar, um hyggilegt verklag við íðorðasmíð og þýðingar á fræðilegum texta og hugtökum. (HG)

Utanumhald:

- ✓ Verkefnisstjóri, t.d. hálft starf í eitt ár, er æskilegur kostur. Sá hinn sami þyrfti að þekkja starfsumhverfi skrásetjara.

Uppfærsla og endurnýjun á <http://hask.landsbokasafn.is/>

- ✓ Haskið þarf að aðlaga / endurnýja gjörsamlega.
- ✓ Nýtt RDA-Hask gæti hugsanlega átt heima sem RDA Workflow (local).
- ✓ Þar til RDA-Hask verður tekið í notkun þarf að halda áfram að þróa og viðhalda núverandi Hask-vef.

Þjálfunaráætlun:

- ✓ Við gerð fyrstu draga að þjálfunaráætlun virðist álitlegt að styðjast við upplýsingar frá British Library.
- ✓ Ákveða þarf kennarateymi úr röðum skrásetjara til að annast þjálfun.
 - Kennarateymið þarf vandaða þjálfun sem þarf að hefjast sem fyrst.
- ✓ Greina þarf virka skrásetjara til að áætla hve margir þurfa þjálfun (HG)
 - RDA-þjálfun verður skilyrði fyrir viðhaldi skráningarheimildar

- ✓ Gera þarf grófa áætlun um mannfjölda, tíma og kostnað vegna:
 - Frátafa kennara úr röðum starfsmanna aðildarsafna Gegnis
 - Sérfræðiaðstoðar erlendis frá
 - Frátafa nemenda úr röðum starfsmanna aðildarsafna Gegnis

Skert afköst:

- ✓ Gera þarf ráð fyrir skertum afköst við skráningu meðan á innleiðingu stendur
- ✓ Gera þarf ráð fyrir auknu álagi á aðra starfsmenn aðildarsafnanna en skrásetjara vegna frátafa skrásetjara.

Kennslu- og æfingumhverfi:

- ✓ Tryggja þarf aðgang að viðhlítandi aðstöðu, hug- og vélbúnaði.
 - Athuga hvort prófunargrunnur hentar
 - Athuga hvort hliðargrunnur hentar

Næsti fundur um sama efni hefur verið boðaður
mánudaginn 1. september 2014 kl. 9:00